



## Fundargerð

**Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs - 156. fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn í Skaftafelli og á fjarfundi, 22. mars 2021, kl. 13:00.**

### Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,  
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,  
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,  
Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps,  
Árni Pétur Hilmarsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,  
Jóhann F. Þórhallsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótisdalshrepps,  
Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins Hornafjarðar,  
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,  
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaga,  
Ágúst Elvarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði,  
Sigurður Óskar Jónsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Höfn,  
Hrafnhildur Ævarsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Skaftafell,  
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri stjórnunar- og verndaráætlunar,  
Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur Vatnajökulsþjóðgarðs.

### 1. Svæðisráð suðursvæðis - 92 - 2102009F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

### 2. Svæðisráð norðursvæðis - 80 - 2103002F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis.

### 3. Stjórnunar- og verndaráætlun VJÞ 2020 - 2023 - 1909029

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um framvindu við endurskoðun á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

#### Gestir

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs - 13:00

*Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir verkefnisstjóri kynnti vinnu við grunn endurskoðun á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs og tímalínu verkefnisins. Um er að ræða yfirferð brýnna breytinga og endurskoðun á regluverki, ný svæði sem bæst hafa við þjóðgarðinn ásamt því að nýta þróun og reynslu undanfarinna ára.*

*Stjórn leggur til að næsta skref verði að tillaga grunn að endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar verði tekin fyrir aftur á næsta fundi stjórnar eftir frekari vinnu m.a. á grundvelli þeirrar umræðu sem fram fór á þessum fundi. Í kjölfar þess verði tillagan send til umfjöllunar svæðisráða áður en hún verður endanlega samþykkt í stjórn og send í*

samráðsferli.

#### 4. KPMG - Vinna vegna stefnumótunar - 2010026

Fyrir fundinum lágu drög að stefnumótun þjóðgarðsins.

*Framkvæmdastjóri kynnti drög að nýrri stefnumótun Vatnajökulsþjóðgarðs sem unnið hefur verið að undanfarna mánuði í samvinnu starfsmanna stofnunarinnar og stjórnar með leiðsögn fyrirtækisins KPMG.*

*Stjórn samþykkir drögin með smávægilegum ábendingum sem komu fram á fundinum og leggur til að þau verði gerð aðgengileg á heimasíðu þjóðgarðsins til kynningar. Stjórn leggur áherslu á að drögin verði áfram í þróun og að fjallað verði um þau í svæðisráðum þjóðgarðsins.*

#### 5. Ferlar og reglur vegna stjórnar og svæðisráða Vatnajökulsþjóðgarðs - 2103013

Fyrir fundinum lágu upplýsingar til kynningar.

##### Gestir

Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur Vatnajökulsþjóðgarðs - 14:00

*Lögfræðingur Vatnajökulsþjóðgarðs, Ingibjörg Halldórsdóttir, ræddi við stjórn um þá vinnu sem er að hefjast við að skýra og styrkja verklag og ferla í störfum stjórnar og svæðisráða Vatnajökulsþjóðgarðs. Stjórn fagnar því að þessi vinna er að hefjast.*

#### 6. Dettifossvegur - Vegagerð um Vesturdal og Hljóðakletta - 2007015

Lagt fram til kynningar.

*Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna kæru frá Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi vegna lagfæringa Vegagerðarinnar á vegi og bílastæðum í Vesturdal sem hófust síðasta sumar, mál nr. 66/2020. Úrskurðarorð nefndarinnar voru eftirfarandi:*

*"Hafnað er kröfu kæranda um að felld verði úr gildi veiting sveitarstjórnar Norðurlands frá 29. apríl 2014 á framkvæmdaleyfi að þeim hluta er varðar framkvæmdir við vegtengingar og bílastæði í Vesturdal. Að öðru leyti er kærumáli þessu vísað frá úrskurðarnefndinni".*

#### 7. Vonarskarð - C - Tillögur - 2011013

Fyrir fundinum lágu upplýsingar til kynningar.

*Rætt um ný gögn og þróun málsins. Samþykkt að gefa svæðisráði vestursvæðis tækifæri til að yfirfara gögn sem hafa komið síðan svæðisráðið ræddi málið síðast.*

#### 8. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundi.

**Fundargerð ritaði:** Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 16:00.